



## *Hvers vegna menntun?*

Mannauðurinn, starfsfólkið er mikilvægasta auðlind hvers fyrirtækis. Í nútímaþjóðfélagi hafa orðið miklar breytingar á lífsháttum, viðhorfum og vinnubrögðum undanfarna áratugi og því mikilvægt að starfsfólk sé vel menntað til að takast á við þær öru breytingar sem hafa átt sér stað. Með vel menntuðu starfsfólki verða fyrirtækin samkeppnishæfari, arðsemi þeirra eykst og með aukinni starfsánægju eykst styrkur starfsmanna og þar með styrkur fyrirtækisins.

Menntun í atvinnulífinu er sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni atvinnurekanda og samtaka launafólks, því er mikilvægt að stjórnendur og starfsmenn sýni frumkvæði og efli starfsmenntun.

